



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJUR TIL FORSETA TYRKLANDS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag sent forseta Tyrklands Abdullah Gül samúðarkveðjur vegna jarðskjálftanna í Tyrklandi. Þar kemur fram að hugur Íslendinga sé hjá fjölskyldum og vinum þeirra sem látist hafa eða slasast. Þjóðir heims séu á slíkum tímum reiðubúnar að rétta hjálparhönd; samstaða og samhjálp séu brýn þegar hamfarir náttúrunnar ógni lífi og heilsu.

24. október 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).